

Mývatn ehf.
Skútustaðir
660 Mývatn

Reykjavík, 7. október 2019
UST201909-246/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Mývatn -Skútustaðir 2c

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Mývatns ehf., dagsett 20. september 2019, um leyfi til framkvæmda við Hótel Sel innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Byggja á viðbyggingu við hús sem nú þegar er á svæðinu og koma fyrir nýjum vatnssparandi salernum ásamt svartvatnstanki. Húsið sem byggja á er 40m² viðbygging og munu 3-4 menn koma að framkvæmdinni. Ekki verður farið út fyrir þegar raskað svæði en við framkvæmdina verður notast við gröfu, steypubíl og jarðvegsþjappara. Viðbyggingin er úr timbri líkt og eldra húsið og verður byggð á núverandi palli sem er fyrir framan eldri byggingu. Notast verður við gám til að sporna við jarðsigi en fyllt verður að gámnum á suður hlið hans. Gámurinn er ekki undir viðbyggingunni heldur verður steipt plata látin ganga yfir hann og þar verður verönd. Framkvæmdin er til að minnka álag, þar sem lokað kerfi verður sett upp með vatnssparandi vacuum salernum. Salernin uppfylla ítarlegar kröfur um hreinsun á frárennsli þar sem svartvatn fer í lokaðan tank sem mun vera tæmdur og ekið með á Hólasand. Með umsókn fylgdu teikningar og upplýsingar um deiliskipulag.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. laga nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 23. september 2019 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 23. september 2019. Í umsögn kemur fram að Náttúrufræðistofnun hafi farið yfir erindið með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og gerir ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt til umræddar viðbyggingar.

Í samræmi við 17. gr. laga nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn þann 23. september 2019 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við

Mývatn barst þann 24. september 2019. Í umsögn kemur fram að Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn geri ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Áhrifamat:

Framkvæmdin er til samræmis við úrbótaáætlun í frárennslismálum í Skútustaðahreppi og telst hafa jákvæð áhrif á svæðið í heild. Með umsókninni fylgja teikningar af fyrirhugaðri viðbyggingu og afstaða breytinganna sýnd. Gögnin gefa góða mynd af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru og teljast því fullnægjandi.

Með fyrirhugaðri framkvæmd er ekki verið að raska áður óröskuðu landi og því ekki talin hætta á að jarðminjum verði raskað. Við Skútustaði er þyrping húsa þar sem margþætt starfsemi fer fram s.s. hótélrekstur og landbúnaður. Það er mat Umhverfisstofnunar að fyrirhuguð viðbygging muni ekki hafa áhrif á landslag svæðisins. Með breytingu frárennslis munu verða jákvæð áhrif á lífríki svæðisins en gæta þarf að því að valda ekki truflun á fuglalífi, sérstaklega ef fyrirhugaðar framkvæmdir dragast fram á vorið.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Mývatni ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu á viðbyggingu sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ekki skal hefja framkvæmdir við stækkun á tímabilinu 15. maí til 15. júlí vegna aðgátar við varp fugla í nágrenni við framkvæmdarstað nema að höfðu samráði við sérfræðing Umhverfisstofnunar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Framkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.


Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri



Davíð Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson
sérfræðingur